

Fimmtudaginn 8. desember 1994.

Nr. 451/1993.

**Málmur, samtök fyrirtækja
í málm- og skipaiðnaði**

(Jóhann Salberg Guðmundsson hrl.)

gegn

Vélsmiðju Steindórs hf.

(Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hrl.)

Skriflega flutt mál. Félagsgjöld.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir og Haraldur Henrysson.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 8. nóvember 1993. Krefst hann þess, að stefnda verði gert að greiða sér 160.450 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. janúar 1991 til greiðsludags auk málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Ákveðinn var skriflegur flutningur málsins fyrir Hæstarétti með heimild í 1. mgr. 24. gr. laga nr. 38/1994, sbr. 152. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 6. gr. laga nr. 38/1994.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lögð staðfesting frá 16. mars 1994 um sameiningu Félags málmiðnaðarfyrirtækja og Félags dráttarbrauta og skipasmiðja í Málm, samtök fyrirtækja í málm- og skipaiðnaði, 1. júlí 1992. Hið nýja félag hefur tekið við aðild málsins af Félagi málmiðnaðarfyrirtækja.

Málavöxtum er lýst í héraðsdómi. Af málartilbúnaði aðila verður ráðið, að ágreiningur sé ekki uppi um stefnufjárhæð málsins, heldur sé eingöngu deilt um, hvort stefndi hafi verið í samtökum Félags málmiðnaðarfyrirtækja árin 1989 og 1990, en stefnufjárhæð nemur félagsgjöldum þeirra ára.

Svo sem rakið er í hinum áfrýjaða dómi, gerðu aðilar málsins með sér dómsátt í bærarþingi Akureyrar 8. mars 1990. Varðaði hún ógreidd félagsgjöld stefnda til Félags málmiðnaðarfyrirtækja til loka ársins 1988. Með bréfum, dagsettum 30. mars og 3. júlí 1990, til

áfrýjanda og lögmanns hans gerir stefndi grein fyrir því, að ekki sé óskað eftir aðild að Félagi málmiðnaðarfyrirtækja.

Félag málmiðnaðarfyrirtækja starfaði á grundvelli laga félagsins frá 17. desember 1985. Samkvæmt 6. gr. var heimild til úrsagnar úr félaginu bundin við áramót að undangenginni tilkynningu, er berast átti með minnst sex mánaða fyrirvara formanni félagsstjórnar. Úrsögnin skyldi vera skrifleg. Hinn 11. júlí 1990, eftir fram komið bréf stefnda frá 3. júlí 1990, tilkynnti stjórn Félags málmiðnaðarfyrirtækja stefnda, að samþykkt væri úrsögn félagsins úr samtökunum miðað við lok ársins 1990. Var þá vitnað til áður nefndrar 6. gr. laga félagsins. Gögn málsins bera ekki með sér, að stefndi hafi mótmælt bréfi stjórnar Félags málmiðnaðarfyrirtækja um, að úrsögn félagsins úr samtökunum skyldi miðast við árslok 1990, fyrr en eftir að meðferð máls þessa hófst fyrir héraðsdómi.

Framangreind ákvæði laga Félags málmiðnaðarfyrirtækja voru bindandi gagnvart stefnda sem aðila að samtökunum. Fullyrðingar stefnda um munnlega úrsögn úr þeim ganga gegn skýrum ákvæðum 6. gr. um, hver háttur skuli hafður á við úrsögn úr félaginu. Gegn mótmælum áfrýjanda hefur stefnda því ekki tekist að hnekkja því, að miða beri úrsögn hans við lok árs 1990.

Samkvæmt þessu ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda kröfu hans með vöxtum, eins og hann hefur krafist.

Eftir atvikum þykir rétt, að hvor aðili beri sinn hluta af kostnaði málsins í héraði og fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Vélsmiðja Steindórs hf., greiði áfrýjanda, Málmi, samtökum fyrirtækja í mál- og skipaiðnaði, 160.450 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. janúar 1991 til greiðsludags.

Málkostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómur Héraðsdóms Norðurlands eystra 24. september 1993.

Mál þetta, sem dómtekið var 14. þessa mánaðar að undangengnum munnlegum málflutningi sama dag, hefur Jóhann Salberg Guðmundsson hrl. höfðað með stefnu, út gefinni í Reykjavík 14. september 1991 og þingfestri 3. október sama ár, fyrir hönd Félags málmiðnaðarfyrirtækja, Hall-

veigarstíg 1, Reykjavík, en nú Málms, samtaka fyrirtækja í mál- og skipaðnaði, gegn Vélsmiðju Steindórs hf., Frostagötu 6 A, Akureyri.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi greiði sér 160.450 kr. ásamt dráttarvöxtum frá 1. 1. 1991 til greiðsludags skv. III. kafla vaxtalaga og að dráttarvextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. janúar 1992. Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands og dráttarvaxta af honum skv. III. kafla vaxtalaga frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags og að viðbættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda, svo og krefst hann þess, að sér verði tildæmdur málskostnaður samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands eða samkvæmt málskostnaðarreikningi.

Upphafleg krafa stefnda var sú, að málinu yrði frá vísað vegna vanreifunar á stefnufjárhæð, en fallið var frá þeirri kröfu við forflutning málsins, og er því ekki tölulegur ágreiningur um stefnufjárhæð, en stefnandi segir, að skuld stefnda í máli þessu sé til komin vegna gjalda, sem hann hafi lagt á stefnda sem félaga í Félagi málmiðnaðarfyrirtækja. Sé árgjald þetta krafði í fernu lagi ársfjórðungslega, og sé gjaldfallin skuld stefnda félagsgjöld árin 1989 og 1990, en í árslok 1990 hafi stefndi hætt þátttöku í félagi stefnanda. Stefnandi segir, að árgjald þetta sé lagt á aðila á aðalfundi ár hvert, og sé gert ráð fyrir, að iðgjaldið taki mið af iðnaðarveltu viðkomandi aðildarfyrirtækis, og ákveði aðalfundurinn það hundradshlutfall, sem gildi fyrir starfsárið. Við framkvæmd álagningar sé tekið mið af upplýsingum skattfyrirvalda um iðnaðarveltu viðkomandi fyrirtækis.

Sýknukröfur sínar reisir stefndi á því, að hann telur sig ekki vera félaga í Félagi málmiðnaðarfyrirtækja, og sé hann því ekki gjaldskyldur. Heldur hann því fram, að hann hafi hvað eftir annað sagt sig úr þessum samtökum. Hafi hann að vísu gert það munnlega, en ekki hafi verið gerðar neinar athugasemdir við það, svo sem, að uppsögn skyldi vera skrifleg. Telur stefndi því, að hann sé ekki lengur bundinn stefnanda, og jafnframt, að er hann og stefnandi gerðu dómsátt á bæjarþingi Akureyrar 8. mars 1990, hafi verið gengið frá því, að er hún væri að fullu greidd, væri skiptum aðila lokið. Komi þetta að vísu ekki fram í sáttinni, en engu að síður hafi það verið liður í samkomulaginu, sem á bak við sáttina hafi legið, og þar með væru staðfest lok stefnda að félagsaðild og hann skuldlaus við stefnanda.

Vitnið Sigurgeir Steindórsson, framkvæmdastjóri stefnda, bar hér fyrir dómi, að stefnandi hefði í nóvember 1989 stefnt stefnda vegna alls konar félagsgjalda, og hefði því máli lokið með dómsátt 8. mars 1990. Hefði hann skilið þá sátt á þann veg, að öllum afskiptum við stefnanda væri lokið og

þar með öllum deilum um félagsaðild stefnda að stefnanda og öllum samskiptum þeirra lokið, en hann hefði margitrekað við Ingólf Sverrisson, framkvæmdastjóra stefnanda, úrsögn úr félaginu og ekki vitað betur en frá því máli væri gengið. Hann gat þess, að nokkrum árum fyrr, þ. e. a. s., áður en fyrra málið var höfðað, hefði Ingólfi verið greidd fjárhæð, sem deila hefði staðið um, m. a. um félagsaðild stefnda að stefnanda, og með fyrri málshöfðuninni og dómsáttinni endanlega frá málum gengið með greiðslu hennar. Stefnda hefði verið það mikið hagsmuna- og réttlætismál að slíta öllum viðskiptum við stefnanda, þar sem honum hefði fundist stefnandi koma þannig fram, að óheiðarleiki væri þar í fyrirrúmi, og m. a., er sáttin vegna fyrra málsins var greidd, hefði hann slegið varnagla við ítrekun um úrsögn. Sé mál þetta hið þriðja, sem stefndi lendi í deilum við stefnanda um gjöld, og hafi öll samskipti stefnda við stefnanda gengið í óskaplegum brös-um. Hafi samskipti stefnda öll verið við Ingólf Sverrisson, framkvæmdastjóra stefnanda. Kvaðst hann líta á þetta atferli stefnanda sem hreina fjárplógsstarfsemi. Hann kvaðst ekki hafa fundið nein gögn um inngöngu stefnda í félagsskap stefnanda og beðið um þau hjá stefnanda, en ekki fengið, en þar sem hann hafi tekið við rekstri fyrirtækisins að föður sínum látn-um, hafi hann ekki viljað sverta minningu látins manns, enda þótt eigendur hafi dregið aðildina í efa, en þó greitt félagsgjöldin nauðugir. En aðildin sé upphaflega í sjálfu sér aukaatriði, heldur sú þrautaganga að komast út úr þessum félagsskap, og telur hann, að öll vinnubrögð stefnanda hafi verið óeðlileg.

Lögmaður stefnda, Björn Jósef Arnviðarson hdl., lýsti yfir því við flutning málsins, að samkomulag hefði orðið með framkvæmdastjóra stefnanda og sér, er sáttin var gerð við stefnanda 8. mars 1990, að viðskiptum aðila væri lokið og stefndi laus úr félaginu. Hefði sér láðst að taka þetta fram í sáttinni, en þetta verið undanskilið og hann treyst orðum framkvæmdastjóra stefnanda, en hann síðan gengið á bak orða sinna og höfðað mál þetta. Lagði hann áherslu á það, að stefndi væri stöndugt fyrirtæki, og því væri þetta ekki venjulegt vanskilamál, heldur spurning um meginreglur að mati stefnda.

Stefnandi mótmælir þessum málsástæðum stefnda og vísar til 6. gr. félagslaga stefnanda, sem segja, að heimilt sé að segja sig úr félaginu frá og með áramótum með minnst 6 mánaða fyrirvara, og skuli úrsögn vera skrifleg og afhent formanni félagsstjórnar, sem sé skyldur að gefa skriflega viðurkenningu fyrir móttöku úrsagnar, þegar þess er krafist. Þetta hafi stefndi ekki gert, en þó svo að stefnandi hafi fallist á með bréfi, dagsettu 11. 7. 1990, að stefndi væri laus úr félaginu í árslok 1990, og beri að miða úr-

sögn stefnanda við það tímamark, og sé því krafan á hendur stefnda í fullu gildi samkvæmt lögum félagsins. Í skriflegri aðilaskýrslu Ingólfs Sverrissonar segir, að stefnandi hafi ekki orðið þess var, að stefndi hafi vefengt rétta álagningu gjaldanna né hreyft athugasemdum út af henni, þ. e. a. s. álagningunni, og að stefndi hafi verið gjaldskyldur félagi alveg tvímælalaust til ársloka 1990.

Álit dómsins.

Það er álit dómsins, að löglíkur séu að því leiddar með framburði vitnisins Sigurgeirs Steindórssonar og yfirlýsingu Björns Jósefs Arnviðarsonar, lögmanns stefnda hér fyrir dóminum, að lögskiptum aðila hafi verið lokið með sáttinni, sem gerð var á bæjarþingi Akureyrar 8. mars 1990, og skiptum aðila lokið, er fyrra máli þeirra lauk. Samkvæmt þessari niðurstöðu ber því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í máli þessu, en rétt þykir eftir atvikum, að málskostnaður falli niður.

Dóm þennan kvað upp Ásgeir Pétur Ásgeirsson héraðsdómari.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Vélsmiðja Steindórs hf., skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Málms, samtaka fyrirtækja í mál- og skipaiðnaði, áður Félags málmiðnaðarfyrirtækja.

Málskostnaður fellur niður.
